

Samvinnurými á Austurlandi

Stöðugreining

Sara Elísabet Svansdóttir

15/12/2025

Samvinnurými á Austurlandi

1. Inngangur

Á síðustu árum hafa samvinnurými (e. coworking spaces) orðið mikilvægur þáttur í þróun atvinnulífs víða um heim. Þau bjóða einstaklingum, frumkvöðlum og fyrirtækjum sveigjanlega vinnuaðstöðu, stuðla að tengslamyndun og skapa vettvang fyrir nýsköpun og samstarf. Með aukinni áherslu á störf án staðsetningar hefur þörfin fyrir slík rými vaxið jafnt og þétt, bæði í borgum og dreifðum byggðum.

Á Austurlandi hefur áhugi á samvinnurýmum aukist á síðustu árum og þegar hafa sprottið upp nokkur rými sem nýtast bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Þau hafa sýnt fram á að með tiltölulega einföldum úrræðum er hægt að skapa aðstöðu sem styrkir atvinnulíf, fjölbreytni í atvinnumöguleikum og eykur lífsgæði íbúa.

Markmið þessa verkefnis er að kortleggja stöðu samvinnurýma á Austurlandi með sérstakri áherslu á að kanna möguleika fyrir ný rými á Seyðisfirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi. Verkefnið felur einnig í sér greiningu á því hvaða óstaðbundnu störf eru þegar til staðar á þessum stöðum og hvernig samvinnurými gætu nýst þeim hópum.

Með slíkri greiningu er hægt að leggja mat á tækifæri fyrir einyrkja, frumkvöðla og aðra sjálfstætt starfandi einstaklinga til að nýta samvinnurými, sem og hvernig þau gætu orðið vettvangur fyrir fyrirtæki og stofnanir sem starfa með útibú eða fjarvinnu.

Verkefnið fellur vel að áherslum stjórnvalda í Byggyðaaætlun og Sóknaráætlun Austurlands, þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt atvinnulíf, ný störf og að skapa aðstæður sem stuðla að búsetu og verðmætasköpun á landsbyggðinni.

Með því að koma á laggirnar samvinnurýmum í öllum byggðakjörnum Austurlands eru vonir um að störfum á Austurlandi fjölgi sem og íbúum sem kjósa að hafa þar fasta búsetu allan ársins hring.

2. Yfirlit yfir samvinnurými á Austurlandi

Núverandi staða

Á Austurlandi hafa á undanförunum árum orðið til nokkur samvinnurými sem þjóna ólíkum hópum. Þau eru misjafnlega stór og fjölbreytt í nálgun, en eiga það sameiginlegt að bjóða upp á sveigjanlega aðstöðu, aðgengi að neti og samfélag sem styður við samstarf og nýsköpun.

Þau hafa sýnt að tiltölulega einföld innviða- og rekstrarlausn getur skapað öflugt, notendadrifið vinnuumhverfi.

Helstu einkenni þeirra rýma sem starfa vel eru:



- gott netsamband og grunninnviðir
- aðstaða fyrir fundi, símtöl og verkefnavinnu
- skýr þjónusta og reglulegir viðburðir
- nálægð við þjónustu og samfélag

Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er uppbygging samvinnurýma ójöfn milli staða. Þörf er á samræmdu nálgunarlíkani fyrir svæðið í heild, sem tekur mið af fjölbreyttum stærðarmörkum, innviðum og notendahópum.

Samvinnurými sem þegar eru starfandi á Austurlandi má meðal annars finna á:

- **Egilsstöðum** – Setrið og HJH
- **Norðfirði** – Múlinn
- **Vopnafirði** – Skuldarhalli
- **Borgarfirði**

Stærri vinnukjarnar

- **Egilsstaðir:** Miðstöð þjónustu, stærsti notendahópurinn, gott framboð af húsnæði.
- **Reyðarfjörður:** Öflug atvinnustarfsemi og stöðug eftirspurn, gott aðgengi og sterk fyrirtækjakeðja.
- **Seyðisfjörður:** Sterkt skapandi samfélag og mikill áhugi á nýsköpun og listatengdum verkefnum.
- **Eskifjörður:** Þar er að opna Háskólasetur í gamla grunnskólanum.
- **Neskaupsstaður:** Múlinn samvinnuhús sem hefur verið stækkað og er vel nýtt.
- **Vopnafirður:** Samvinnuhús til staðar sem hefur nú verið stækkað og betrumbætt.

Á þessum stöðum er þörf fyrir stærri rými, fyrir 10-30 notendur, og sums staðar eru þau nú þegar til staðar.

Smærri rými

- **Fáskrúðsfjörður**
- **Breiðdalsvík**
- **Djúpivogur**
- **Stöðvarfjörður**
- **Fljótsdalur**

Á þessum stöðum er þörf fyrir litlar, hagkvæmar lausnir fyrir 2-6 notendur, með sveigjanlegu fyrirkomulagi og lágum rekstrarkostnaði.

Á vefnum <https://austurland.is/ostadbundin-storf/> er búið að kortleggja þá staði sem bjóða upp á aðstöðu til fjarvinnu en þar er ekki alltaf um svo kallað samvinnurými að ræða.

Yfirlitið sem var unnið á þeirri síðu var styrkt af Byggðastofnun í gegnum C1 árið 2022 og nýttist vel fyrir þá sem kjósa að vinna óstaðbundið á Austurlandi.



Hér má sjá yfirlit yfir þau samvinnurými sem nú þegar eru til staðar á Austurlandi:

Staðsetning	Rekstraraðili	Fjöldi sæta/ rýma	Þjónusta	Nýting
Seyðisfjörður	Herðubreið	4		
Seyðisfjörður	Austfar	2		
Egilsstaðir	HJH Kaupvangi	10 rými	kaffiaðstaða	25 ca
Egilsstaðir	Setrið	8	kaffiaðstaða	16 að nýta (hluta eða fullu)
Reyðarfjörður	Fræðslumolinn			
Eskifjörður	Gamli barnaskólinn			
Fáskrúðsfjörður	Skólavegur 59	1	kaffiaðstaða	Nú þegar eru 3 einyrkjar með skrifstofur
Breiðdalsvík	Goðaborg	1-2	Kaffiaðstaða	
Breiðdalsvík	Náttúrufræðistofnun/Rannsóknastur HÍ	2	Kaffiaðstaða	
Djúpivogur		2		
Stöðvarfjörður	Sköpunarmiðstöðin	allt að 15	Kaffiaðstaða, fundarherbergi	
Neskaupsstaður	Múlinn	25	kaffiaðstaða, fundarherbergi, rafmagnshleðsla fyrir bíla	19
Fljótsdalur	Végarður	2-3	kaffiaðstaða	2-3
Vopnafjörður	Skuldarhalli	11		9
Borgarfjörður		8-10	Kaffiaðstaða, fundarherbergi	

Möguleikar á frekari þróun

Í ljósi þróunar á vinnumarkaði og áherslu stjórnvalda á störf án staðsetningar eru veruleg tækifæri til að byggja á þeirri starfsemi sem þegar er til staðar. Með því að kortleggja og greina stöðu samvinnurýma á Austurlandi má finna leiðir til að:

- Styrkja rekstur þeirra rýma sem þegar eru til.
- Auka nýtingu með markvissri markaðssetningu og samstarfi.
- Koma auga á hvar ný rými gætu haft mestan samfélagslegan og efnahagslegan ávinning.

3. Staðagreining


Til að kanna áhuga íbúa á samvinnurýmum var lögð fyrir stutt íbúakönnun sem dreift var á íbúasíður sveitarfélaganna á Austurlandi á samfélagsmiðlinum Facebook. Könnunin var nafnlaus og öllum opin, en þátttakendur voru beðnir um að skrá póstnúmer til að greina áhuga eftir svæðum. Markmið könnunarinnar var að fá vísbendingar um eftirspurn eftir samvinnurýmum, núverandi nýtingu slíkra rýma og almenn viðhorf íbúa til samvinnuaðstöðu í heimabyggð.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að áhugi á samvinnurýmum sé til staðar meðal íbúa á Austurlandi, bæði hjá þeim sem þegar starfa óstaðbundið og þeim sem gætu nýtt slíka aðstöðu í framtíðinni. Fram kom að samvinnurými eru einkum talin styðja við betri vinnuaðstöðu, aukna félagslega tengingu og skýrari aðgreiningu milli vinnu og einkalífs. Jafnframt má greina mun á áhuga eftir svæðum, sem undirstrikar mikilvægi þess að nálgast uppbyggingu samvinnurýma með staðbundnum og sveigjanlegum hætti.

Helstu niðurstöður


1. Í hvaða bæjarfélagi/dreifbýli býrð þú í?

● Vopnafirði	17
● Egilsstöðum	19
● Fjalladalsshreppi	0
● Seyðisfirði	4
● Borgarfirði eystri	1
● Mjóafirði	0
● Reyðarfirði	4
● Eskifirði	7
● Neskaupsstað	2
● Fáskrúðsfirði	0
● Stöðvarfirði	4
● Breiðdalsvík	4
● Djúpavogi	18




2. Myndir þú nýta þér aðstöðu í samvinnurými á þínu svæði ef hún væri í boði?

● Já	48
● Nei	25
● Er nú þegar að nýta mér samvinnurými	7




3. Ef svarið er "já": Hvaða notkun kæmi helst til greina (hægt er að haka við marga möguleika)

● Regluleg vinna (2-5 dagar í viku)	31
● Dagleiga á skrifborði	21
● Fundaaðstaða	22
● Sameiginlegt rými	28
● Fjarfundir	16



4. Hvað myndi skipta þig mestu máli í samvinnurými? (hægt er að haka við marga möguleika)

● Heildraen vinnuaðstaða (borð, stólar, skjáir)	36
● Aðgangur að lokuðu rými / fundarherbergi	36
● Góð nettenging	51
● Lengri opnunartími / sveigjanleiki	42
● Kaffiaðstaða/eldhús	40
● Annað	5



5. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

14 Responses

ID ↑	Name	Responses
1	anonymous	Frábært að hafa samvinnurými til staðar
2	anonymous	Engin slík aðstaða er í boði á Eskifirði líkt og í öðrum bæjarkjörnum. Til þess að ríkisstofnanir og önnur fyrirtæki geti boðið upp á starfsstöð á Eskifirði líkt og er t.a.m á Norðfirði, Reyðarfirði og Egilsstöðum er mjög mikilvægt að aðstaðan sé þar fyrir hendi.
3	anonymous	Væri líka að leita að samveru með öðrum sem vinna fjarvinnu á svæðinu - eiga spjall um allt og ekkert.
4	anonymous	Vantar mikið slíka aðstöðu á Eskifirði svo fleiri fyrirtæki og stofnanir bjóði starfsstöð á Eskifirði líkt og hefur gerst í bæjarkjörnum þar sem aðstaðan er fyrir hendi. Þannig eflist bærinn og fólk búsett á Eskifirði getir unnið í bænum sínum án aksturs á aðra firði, sparað ferðatíma og þannig raunverulega njóta þess gæða sem fylgja því að búa í smábæ á Austurlandi.
5	anonymous	Mikil þörf fyrir samvinnurými á Djúpavogi :)
6	anonymous	Væri frábært fyrir mig og mína starfsemi að hafa aðgang að einhvers konar skrifstofuástöðu. Vonandi verður það að veruleika.
7	anonymous	Fallegt og notalegt rými er grundvallaratriði (og helst útsýni út um glugga sem veita innblástur en það er kannski óraunhæf krafa). Það mun enginn nýta aðstöðuna ef hún er köld og steril og huggulegra að vera heima á stofuborðinu þó það sé fullt af þvotti.
8	anonymous	Mér finnst vanta pláss fyrir skapandi vinnu og listsköpun.
9	anonymous	Félagsskapur
10	anonymous	Er ekki að hugsa um hefðbundið skrifstofurými, heldur rými til heilsuefingar, eins og jógatíma, meðferðarrými (listmeðferð, sáfræðitímar, markþjálfar osfrv) og svo annars vegar rými til myndlistariðkunar. Það er vonlaust að finna rými fyrir svona starfsemi á Egs en bráðvantar.
11	anonymous	Væri rosa gaman. Passa að hafa samt svona „símaklefa“, eða svoleiðis sem hægt er að fara í til að taka fundi og símann. Þá er ekki jafn mikil trúflun af öðrum. Væri gaman að búa til alvöru skrifstofustemningu eins og með mánaðarkaffi og svoleiðis. Þyrfti að vera snyrtilegt en samt líka hægt að geyma gögn.
12	anonymous	Mætti um tíma og mæti stundum í samvinnurými á Fagradalsbraut. Frábært rými.
13	anonymous	Bjóða uppá æfingarhúsnæði fyrir tónlist
14	anonymous	eg vil bara kebab stað

Alls bárust **80 svör** við íbúakönnuninni víðs vegar af Austurlandi, mest frá Egilsstöðum, Djúpavogi og Vopnafirði.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir myndu nýta sér aðstöðu í samvinnurými í sinni heimabyggð ef hún væri í boði svöruðu **60% já, 31% nei** og **9% sögðust nú þegar nýta sér samvinnurými**. Niðurstöðurnar benda þannig til þess að verulegur hluti íbúa sjái samvinnurými sem raunhæfan og eftirsóknarverðan kost, jafnvel þótt hluti svarenda telji sig ekki líklega til að nýta slíka aðstöðu.

Þeir sem svöruðu játandi voru spurðir nánar um hvernig notkun samvinnurýmis kæmi helst til greina. Þar kom fram að **regluleg vinna (2–5 dagar í viku)** og **samnýting rýmis með öðrum** voru algengustu notkunarformin, auk þess sem **aðgangur að fundaaðstöðu** og **skrifborðsaðstaða** voru mikilvæg. Þetta bendir til þess að samvinnurými séu ekki eingöngu hugsuð sem stöðug vinnuaðstaða, heldur einnig sem sveigjanleg lausn sem hægt er að nýta eftir þörfum.

Í svörum um hvaða þættir skiptu mestu máli í samvinnurými kom skýrt fram að **góð nettenging** væri langmikilvægasti þátturinn. Aðrir lykilþættir voru **sveigjanlegur opnunartími, kaffiaðstaða/eldhús, heilbrigð vinnuaðstaða** (borð, stólar, skjáir) og **aðgangur að lokuðum rýmum eða fundarherbergjum**. Niðurstöðurnar undirstrika að samvinnurými þurfa að uppfylla bæði tæknilegar og félagslegar kröfur til að nýtast vel.



Í opnum svörum kom fram skýr áhersla á mikilvægi þess að samvinnurými séu til staðar í fleiri byggðarlögum en þeim stærstu. Nokkrir þátttakendur bentu sérstaklega á skort á slíkri aðstöðu í minni bæjarfélögum og lögðu áherslu á að samvinnurými geti stutt við búsetu, fjarvinnu og atvinnuþróun í heimabyggð. Einnig var nefnd þörf fyrir rými sem styðja við skapandi starfsemi, félagsleg tengsl og faglegt umhverfi, fremur en hefðbundnar, lokaðar skrifstofur.

Heildarniðurstöður könnunarinnar styðja þannig við þá niðurstöðu að raunveruleg eftirspurn sé eftir samvinnurýmum á Austurlandi, þó hún sé mismikil eftir svæðum. Niðurstöðurnar gefa jafnframt mikilvægar vísbendingar um hvernig slíkt rými þarf að vera útfært til að nýttast íbúum sem best og styðja við óstaðbundin störf og fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu.

Niðurstöðurnar styðja við þá niðurstöðu greiningarinnar að samvinnurými geti verið mikilvægur innviður fyrir eflingu óstaðbundinna starfa, byggðaðróun og atvinnulíf á Austurlandi, en jafnframt sé þörf á að aðlaga umfang og útfærslu aðstæðna að þörfum hvers svæðis.

4. Óstaðbundin störf á Austurlandi

Byggðastofnun heldur utan um ríkisstörf á landsbyggðinni og er hægt að skoða mælaborð sem sýnir fjölda opinberra starfa og hvernig þeim er dreift um landið.

Ekki eru þó til upplýsingar um fjölda óstaðbundinna starfa en til að fá mynd á verkefnið þá voru skoðaðar tvær greiningar sem unnar voru af RHA um óstaðbundin störf:

1. Óstaðbundin störf – hvernig er reynslan (RHA 2024)
2. Óstaðbundin störf – staðan og framtíðarhorfur (RHA 2024)

Óstaðbundin störf – hvernig er reynslan (RHA 2024)

RHA fékk í apríl 2024 úthlutað styrk úr Byggðarannsóknasjóði til að rannsaka reynslu ríkisstofnanna og ráðuneyta af því að bjóða upp á óstaðbundin störf. Rannsóknin hefur vísan í aðgerð B.7 í aðgerðaáætlun stefnumótandi byggðááætlunar 2022-2036 sem hefur það markmið að efla búsetufrelsi með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.

Skýrslan var unnin af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), undir forystu Sæunnar Gísladóttur. Markmið voru að kanna reynslu starfsfólks sem vinnur óstaðbundin störf, reynslu yfirmanna/mannauðsstjóra og koma með ábendingar til að bæta framkvæmdina.

Gögnin voru fengin með viðtölum og rýnihópum.

„Niðurstöður nýrrar rannsóknar RHA (2024) á reynslu ríkisstofnana og starfsfólks af óstaðbundnum störfum sýna að þörf er fyrir sameiginlega aðstöðu á landsbyggðinni. Slík rými geta bæði dregið úr einangrun og styrkt innviði fyrir störf án staðsetningar.“

Óstaðbundin störf – staða og framtíðarhorfur 2023 (RHA 2024)

Rannsóknin *Óstaðbundin störf – staða og framtíðarhorfur 2023* var unnin af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) fyrir Innviðaráðuneytið og er framhald af skýrslu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins Störf án staðsetningar (2021).

Markmið hennar var að:



- Kanna hvernig ríkisstofnanir hafa tekið upp óstaðbundin störf.
- Meta umfang og framtíðarmöguleika þeirra.
- Greina hvaða stuðning eða stefnumótun þarf til að styrkja þessa byggðaaðgerð.

Skýrslan tengist beint aðgerð B.7 í Byggðaaætlun 2022–2036, sem miðar að því að efla búsetufrelsi og fjölga fjölbreyttum störfum á landsbyggðinni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar:

- 12% opinberra starfa mætti auglýsa sem óstaðbundin.
- 21% stofnana auglýstu óstaðbundið starf 2020-2022 og 19% 2022-2023.
- Af þeim sem auglýstu óstaðbundin starf, réðu 72% þeirra starfsfólk utan höfuðstöðva.

Þróunin bendir til vaxandi vilja og trausts til þessa vinnufyrirkomulags en ójafnrar innleiðingar milli stofnana.

Miðað við þessa niðurstöðu má ætla að möguleikar til fjölgunar óstaðbundinna starfa eru miklir (allt að 12-15% ríkisstarfa). Ávinningurinn fyrir byggðapróun er skýr, en fjárhagslegir og skipulagslegir hvatar eru nauðsynlegir til að nýta hann.

Uppbygginga samvinnuhúsa og vinnukjarna á landsbyggðinni er lykilskref til að gera þessar aðgerðir sjálfbærar og samfélagslega farsælar.

Skýrslan sýnir að til að óstaðbundin störf nái árangri þarf að tryggja:

- Að starfsfólk hafi aðgang að sameiginlegum vinnurýmum og tengslaneti.
- Að slík rými séu samofin opinberri stefnu um dreifingu starfa.

Samvinnuhús og vinnuklasar á Austurlandi geta því orðið lykilinnviðir byggðaaðgerðarinnar, þar sem ríki, sveitarfélög og einkaaðilar vinna saman að því að skapa aðstöðu fyrir óstaðbundin starfsfólk og frumkvöðla.

Þessar rannsóknir sýna að óstaðbundin störf hafa mikla möguleika til að styrkja byggðir á landsbyggðinni. Starfsfólk metur sveigjanleika, minni ferðatíma og betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs, en margir upplifa félagslega einangrun ef ekki er aðstaða til staðar nærri heimili.

Helstu lærdómar fyrir Austurland:

- Samvinnurými draga úr einangrun og skapa faglegt samfélag.
- Rými fyrir 3+ starfsmenn hafa sýnt betri árangur en einstaklingslausnir.
- Opinberar stofnanir vilja nýta óstaðbundin störf meira – ef innviðir eru tryggðir.
- Samvinnurými geta orðið formlegur samstarfsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs.

Samvinnurými gegna því lykilhlutverki í að styrkja búsetu, fjölbreytni starfa og efla aðdráttarafl Austurlands.

5. Tækifæri og áskoranir

Tækifæri:



- Aukið framboð starfa og fjölbreytt atvinnulíf.
- Samlegð milli opinberra starfa, nýsköpunar og frumkvöðlastarfs.
- Aukin búseta og betri nýting húsnæðis í hverjum byggðarkjarna.
- Ferðavinna og tímabundin dvöl styrkja ferðaþjónustu.
- Minni losun vegna færri ferða til höfuðborgarsvæðis.

Áskoranir:

- Rekstrargrundvöllur þarf að vera skýr og sjálfbær.
- Eftirspurn sveiflast á smærri stöðum.
- Þörf er á góðu interneti, hljóðvist og fundaraðstöðu.
- Innleiðing í opinberum stofnunum krefst nýrra verkferla og trausts.

Möguleg rekstrarlíkön fyrir samvinnurými á Austurlandi

Rekstrarlíkan	Lýsing	Kostir	Áskoranir
Samfélagsdrifið líkan (samvinnufélag / félagsaðild)	Notendur greiða félagsgjald eða áskrift og taka þátt í ákvarðanatöku. Reksturinn byggir á samfélagsstuðningi.	- Notendur skuldbundnir og eiga hlut í rekstrinum.- Byggir upp samkennd og staðbundinn styrk.- Hentar vel þar sem íbúafjöldi er lítil.	- Krefst mikillar sjálfböðavinnu eða þátttöku.- Getur átt erfitt uppdráttar ef notendur eru fáir eða óstöðugir.
Opinbert-einkaaðila samstarf (PPP)	Sveitarfélag leggur til húsnæði eða grunnfjármögnun, einkaaðili sér um daglegan rekstur og þjónustu.	- Tryggir að rými verði til staðar með opinberum stuðningi.- Einkaaðili getur nýtt sér atvinnulíf og viðburði til að auka tekjur.- Skapar stöðugleika og ábyrgðarskiptingu.	- Þarf skýra samninga um ábyrgð og kostnað.- Opinber þátttaka getur minnkað ef fjárhagsstaða sveitarfélags breytist.- Getur tekið tíma að finna rétta rekstraraðila.
Þjónustupakkalíkan (áskrift + viðbótarþjónusta)	Stigskipt áskriftarkerfi: dagpassar, mánaðaráskrift, „premium“-pakki með fundarherbergjum o.fl. Aukatekjur með námskeiðum, ráðgjöf eða viðburðum.	- Skapar sveigjanlegt tekjuflæði.- Hægt að aðlagja þjónustu eftir árstíðum og eftirspurn.- Tekjur aukast með viðburðum og sérlausnum.	- Þarfnast stöðugrar eftirspurnar og markaðssetningar.- Samkeppni við heimavinnu getur dregið úr eftirspurn.- Þarf fjárfestingu í innviðum (net, húsgögn, búnaður).

Samvinnurými á Austurlandi fela í sér veruleg tækifæri til að efla búsetu, fjölbreytni atvinnulífs og nýsköpun á svæðinu. Þau geta stutt við óstaðbundin störf, skapað samlegð fyrir frumkvöðla og einyrkja og aukið aðdráttarafl svæðisins fyrir nýja íbúa og gesti.

Á sama tíma eru áskoranir sem þarf að vinna markvisst með, þar á meðal sjálfbær rekstrargrundvöllur, tæknilegir innviðir og breytingar á vinnumenningu. Vel heppnuð innleiðing krefst þess að horft sé til ólíkra rekstrarlíkana, allt frá samfélagsdrifnu fyrirkomulagi til opinbers-einkaaðila samstarfs og sveigjanlegra þjónustupakka.

Með því að tengja þróun samvinnurýma við stefnumótandi áætlanir stjórnvalda og Sóknaráætlun Austurlands er hægt að tryggja að þau verði ekki aðeins aðstöðuúrræði heldur virkir drifkraftar byggðaðróunar og nýrrar atvinnusköpunar.



6. Tillögur og næstu skref

- Halda áfram að kortleggja þau samvinnurými sem þegar eru til staðar.
- Greina betur óstaðbundin störf sem nú þegar eru unnin á Austurlandi.
- Kortleggja helstu styrk- og fjármögnunarmöguleika:
 - Sóknaráætlun Austurlands
 - Byggðastofnun og Byggðarannsóknasjóður
 - Nýsköpunarsjóðir og Evrópustyrkir
- Skoða möguleika á að fá fyrirtæki til að styrkja eða nýta rýmið sem hluta af samfélagslegri ábyrgð.

Eftirfylgni og mælingar

- Skilgreina mælikvarða, sem dæmi rýna betur í niðurstöðu óformlegu könnunarinnar sem var send út til íbúa og framkvæma formlegri útgáfu. (t.d. fjöldi notenda, fjöldi óstaðbundinna starfa, nýsköpunarverkefni).
- Meta áhrif á byggðaðróun, atvinnu og samfélag.
- Tryggja að niðurstöður séu miðlaðar áfram til sveitarfélaga og stjórnvalda.

7. Lokaorð

Greining á stöðu og möguleikum samvinnurýma á Austurlandi sýnir að þau geta haft mikilvægt hlutverk í að efla búsetu, fjölbreytni atvinnulífs og nýsköpun á svæðinu. Með tilkomu slíkra rýma skapast ný tækifæri fyrir óstaðbundin störf, frumkvöðlastarfsemi og samvinnu milli ólíkra aðila. Samvinnurými geta jafnframt styrkt aðdráttarafl svæðisins fyrir nýja íbúa og ferðamenn sem vilja sameina vinnu og dvöl á Austurlandi.

Á sama tíma er ljóst að rekstur og þróun samvinnurýma kallar á markvissa nálgun. Fjárhagslegur grundvöllur, tæknilegir innviðir og breyttar vinnuvenjur eru áskoranir sem leysa þarf með sameiginlegu átaki sveitarfélaga, atvinnulífs og samfélagsins. Val á viðeigandi rekstrarlíkani, hvort sem er samfélagsdrifið, opinbert-einkaaðila samstarf eða þjónustupakkalíkan, mun skipta sköpum fyrir árangur.

Fram undan liggja næstu skref í formi frekari gagnaöflunar, samráðs og tilraunaverkefna. Með því að tengja þróun samvinnurýma beint við stefnumótandi áætlanir stjórnvalda og Sóknaráætlun Austurlands má tryggja að þau verði ekki aðeins staðbundin úrræði heldur drifkraftar sem styðja við sjálfbæra byggðaðróun og aukið búsetufrelsi á Austurlandi.

